

Sp.

669. Tillaga til þingsályktunar

[370. mál]

um varnir gegn hagsmunaárekstrum.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis að semja frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum. Frumvarpið skal ná til valdpáttanna þriggja, löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds. Frumvarpið skal miða að því að vernda og efla traust almennings á stjórnkerfinu með því m.a. að

1. framfylgja undirstöðureglum um aðskilnað valdpáttanna þriggja,
2. kveða skýrt á um ábyrgð einstaklings í þjónustu almennings og koma í veg fyrir að árekstur verði milli einkahagsmuna hans og hagsmuna hins opinbera,
3. setja greinileg fyrirmæli um vanhæfi þeirra sem með mikilvægt úrskurðarvald fara,
4. skylda alþingismenn, ráðherra, dómara, embættismenn og opinbera starfsmenn til að gefa í upphafi starfs þær upplýsingar um viðskipti sín og eignir sínar og fjölskyldna sinna sem nauðsynlegar eru taldar til að varnir gegn hagsmunaárekstrum verði mögulegar.

Greinargerð.

(Endurprentað með breytingum úr ritinu *Hagsmunaárekstrar*, sem er 2. hefti í ritröðinni *Umræðu*, sem Bandalag jafnaðarmanna gefur út.)

Í bók sinni *Stjórnarfarsréttur* segir Ólafur Jóhannesson: „Af stjórnvöldum verður almennt að krefjast hlutlægni, þ.e. að þau byggi ákvarðanir sínar um stjórnarmálefni á lagarökum og hlutlægu mati, en láti eigi stjórnast af eigin gedþótta og persónulegum hagsmunum. Þessi krafa þykir svo sjálfögð í réttarríki, að um hana ætti ekki að þurfa að fjölyrða. Er auðsætt hve mikilsvært það er að hlutlæg sjónarmið ráði gerðum stjórnvalda svo að almenningur geti með réttu treyst á réttσύni þeirra, ekki síst nú á tímum, er almannavaldið gerist stöðugt umsvifameira og ýmiss konar stjórnarathafnir verða þar af leiðandi æ mikilvægari.“

Þau auknu umsvif almannavaldsins, sem Ólafur Jóhannesson minnst hér á, eiga sér ýmsar rætur. Þar á meðal er sú trú að markmiðum velferðarríkisins verði ekki náð öðruvísi en með stofnanaveldi. Ekki er talið að kröfum um sanngirni og jöfnuð við framkvæmd hinna ýmsu félagslegu aðgerða verði náð öðruvísi en undir styrkri stjórn stofnana á vegum ríkisins.

En þessi siður nær til fleiri sviða en þess félagslega. Í atvinnumálum er miðstýringin ríkjandi hefð á Íslandi. Miðstýringin er arfur frá stríðsárunum. Grunntónn hennar er sá að fólk hafi ekki vit fyrir sér og að réttlæti náist ekki nema fyrir tilverknað þar til gerðra stofnana. Þetta birtist okkur á ýmsan hátt, t.d. í landbúnaðarstefnu, sjávarútvegsstefnu og peningastefnu þeirri sem fylgt er í landinu.

Til að hafa stjórn á öllum hlutum þarf að setja upp stofnanir eins og áður segir. Við þekkjum þær t.d. úr landbúnaðinum, þar sem Framleiðsluráð og Búnaðarfélag stjórna öllum málum landbúnaðarins og landbúnaðarráðuneytið er eins og símsvari frá þessum stofnunum. Við þekkjum dæmi í sjávarútvegi og iðnaði, þar sem sjóðakerfið er ekkert annað en angi af þessum sama hugsunarhætti forræðisins. Við þekkjum dæmin úr peningakerfinu þar sem eru fjármálastofnanir þjóðarinnar, ríkisbankar, Seðlabanki og Bygðastofnun svo dæmi séu nefnd. Þetta eru allt greinar af þessum sama meiði.

Þessar miðstýringartilhneigingar birtast okkur síðan í fámennisstjórn vegna þess að brennipunktum valdsins er safnað saman á fáa staði. Á þessa staði raða flokkarnir mönnum sem þeir treysta. Um þetta þekkjum við fjölmörg dæmi. Ein versta afleiðing fámennisstjórnarinnar er hættan á hagsmunaárekstrum.

Fámennisstjórn í Framsóknarflokki.

Þorsteinn Ólafsson heitir aðstoðarmaður Erlends Einarssonar, forstjóra SÍS. Þorsteinn er í miðstjórn Framsóknarflokksins, hann er formaður stjórnar Samvinnusjóðsins, formaður stjórnar Íslandslax og varastjórnarformaður í Þróunarfélaginu nýstofnaða. Hann er áhrifaformaður um pólitíska stefnumörkun Framsóknarflokksins, hann var m.a. einn af frumkvöðlum hinnar nýju stefnu flokksins, sem var birt á miðstjórnarfundi á Akureyri þegar Framsóknarflokkurinn þóttist uppgötva framtíðina.

Valur Arnþórsson heitir kaupfélagsstjóri KEA á Akureyri. Hann er formaður stjórnar SÍS, hann er í framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins, formaður stjórnar dagblaðsins Dags á Akureyri, formaður stjórnar Kaffibrennslu Akureyrar og stjórnarmaður í Landsvirkjun.

Stefán Valgeirsson er alþingismaður fyrir Framsóknarflokk í Norðurlandskjördæmi eystra. Hann er einnig formaður bankaráðs Búnaðarbanka Íslands og stjórnarmaður í Degi á Akureyri.

Stefán Guðmundsson er alþingismaður fyrir Framsóknarflokk á Norðurlandi vestra með aðsetur á Sauðárkróki. Stefán er stjórnarmaður í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki og er að auki formaður stjórnar Bygðastofnunarinnar sem nýstofnuð er og var áður formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar. Stefán hefur verið stjórnarmaður í Framkvæmdastofnun síðan 1980.

Erlendur Einarsson er forstjóri SÍS. Hann er formaður bankaráðs Samvinnubankans og formaður stjórnar Regins, sem á 25% í Íslenskum aðalverktökum. Hér er einungis minnst á örfá af áhrifastörfum Erlends Einarssonar.

Hér að framan eru örfá dæmi um tengsl Framsóknarflokksins, bankakerfisins, Sambands ísl. samvinnufélaga, og sjóða- og stofnanakerfisins sem ríkir í þessu landi.

Menn geta velt því fyrir sér hvers vegna það geti komið sér vel að Valur Arnþórsson tengi saman Framsóknarflokkinn, SÍS, KEA og eina dagblaðið á Norðurlandi.

Stefán Guðmundsson alþingismaður hefur vafalaust haft í mörg horn að líta vegna Steinullarverksmiðjunnar. Stefáni Guðmundssyni, stjórnarmanni í Steinullarfélaginu á Sauðárkróki, hafa verið hæg heimatökin þegar Stefán Guðmundsson, alþingismaður frá Sauðárkróki, samþykkti aðild ríkisins að Steinullarverksmiðju. Síðan hefur hann gengið á fund Stefáns Guðmundssonar stjórnarmanns í Framkvæmdastofnun og mælt með því að aðilar verksmiðjunnar fengju lán til þess að koma henni á fót.

Sjálfstæðisflokkur, ný og fagleg sjónarmið?

Ýmsum yngri mönnum Sjálfstæðisflokks var Framkvæmdastofnunin talsverður þyrnir í augum, þrátt fyrir það að einn af fyrirferðarmeiri þingmönnum flokksins, Sverrir Hermannsson, færi þar með húsbóndavald. Yngri mennirnir í flokkinum töldu það nauðsynlega hreingerningu að Framkvæmdastofnunin yrði losuð undan pólitískum áhrifum. Bygðamálin, sem í eðli sínu eru oft pólitísk, yrðu sett í sérstaka stofnun, Bygðastofnun. Annars konar aðstoð og örvun við atvinnulíf í landinu yrði komið í ópólitískt félag, Þróunarfélagið. Þeir lögðu mikla áherslu á að taka peningamál nýsköpunar í atvinnulífi á þann hátt út úr hinum pólitísku dægurmálum að því er þeir sögðu.

En hvað gerðist? Davíð Scheving Thorsteinsson, miðstjórnarmaður í Sjálfstæðisflokknum, var kjörinn í stjórn Þróunarfélagsins. Tveir varamenn í stjórn félagsins eru Björn Þórhallsson, sem er miðstjórnarmaður í Sjálfstæðisflokki, og Gunnar Ragnars, sem er einnig

miðstjórnarmaður í Sjálfstæðisflokki, og forustumaður Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Akureyrar. Í stjórn Próunarfélagsins var einnig Jón Ingvarsson sem hefur oft verið kenndur við Ísbjörninn og er stjórnarmaður í Verslunarráði Íslands og OLÍS. Jón Ingvarsson mun ekki ókunnugur innviðum Sjálfstæðisflokksins. Það mun Hörður Sigurgestsson, forstjóri Eimskips og stjórnarmaður Flugleiða, ekki vera heldur. Hann var kjörinn í stjórn Próunarfélagsins.

Sjálfstæðisflokkurinn á sæmilega fulltrúa í ríkisbankakerfinu. Jónas Haralz, bankastjóri í Landsbanka Íslands, er í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. Formaður bankaráðs Landsbankans er Pétur Sigurðsson alþingismaður og sjálfstæðismaður. Einn af bankastjórum Útvegsbankans er Lárus Jónsson, fyrrverandi alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn, og forveri hans í starfi var Jónas Rafnar, fyrrverandi alþingismaður og núverandi formaður bankaráðs Seðlabankans. Formaður bankaráðs Útvegsbanka er Valdimar Indriðason alþingismaður úr sama flokki.

Í Búnaðarbankanum á Sjálfstæðisflokkurinn líka sína menn. Friðjón Þórðarson, alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokk og stjórnarmaður í Sementsverksmiðju, situr í þessu bankaráði. Það gerir Halldór Blöndal, alþingismaður úr Sjálfstæðisflokki, líka, auk þess sem hann er stjórnarmaður í Bygðastofnun sem er í raun jafngildi banka. Auk Halldórs eru þar sjálfstæðismennirnir og alþingismennirnir Ólafur G. Einarsson og Eggert Haukdal.

Allir í hringdansinn.

Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag hafa líka sína tauma inn í bankakerfið. Í bankaráði Búnaðarbankans situr Alþýðuflokksmaðurinn Haukur Helgason, sem er áhrifamaður í þeim flokki og einn af forustumönnum BSRB. Í þessu bankaráði var til skamms tíma Helgi Seljan, alþingismaður úr Alþýðubandalagi. Hann er nú varamaður. Kollegi hans, þingmaðurinn Garðar Sigurðsson, fékk nú fyrir áramót sérstaka traustsyfirlýsingu til áframhaldandi setu í bankaráði Útvegsbankans frá þingflokki sínum, Alþýðubandalaginu. Í bankaráði Landsbankans á Alþýðubandalagið hafa í horni þar sem Lúðvík Jósepsson, fyrrverandi formaður flokksins, situr fyrir hönd alþýðuvinnanna.

Að dæma í eigin sök.

Þeir Gunnar G. Schram og Birgir Ísleifur Gunnarsson eru alþingismenn í Sjálfstæðisflokki og eru báðir í samninganefndum, sem ríkisstjórnin hefur starfandi til að gera samninga við útlendinga um stóriðju á Íslandi. Gunnar G. Schram hefur verið í nefndinni sem sér um samninginn við Ísal. Hann á einnig sæti í iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis. Einhver stærstu verkefni þeirrar nefndar á þessu kjörtímabili hafa verið að yfirfara og meta samningana við Ísal. Þá situr þar löggjafinn og eftirlitsmaðurinn Gunnar G. Schram og metur viðskipti sem samningamaðurinn Gunnar G. Schram hefur gert fyrir hönd íslenska ríkisins.

Birgir Ísleifur Gunnarsson er forustumaður í samningagerð um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Hann hefur leitt þær viðræður og nú er talsvert um það rætt að þeir samningar kunni að leiða til þess að Rio Tinto Zink muni byggja verksmiðjuna. Það mun væntanlega koma í hlut Alþingis að leggja dóm á þá viðskiptasamninga. Þá mun samningamaðurinn Birgir Ísleifur Gunnarsson verða í nákvæmlega sömu sporum og samningamaðurinn Gunnar G. Schram þegar þeir klæða sig búningi löggjafans og meta það sem alnafnar þeirra hafa gert.

Nýlegt dæmi um hættu á hagsmunaaðreksstrum var til umræðu í vikublaðinu Helgarpóstinum. Þar voru birtar upplýsingar um það að brunamálastjóri og börn hans hafa rekið fyrirtæki sem er til ráðleggingar um brunavarnir og flytur inn tæki og búnað til þeirra hluta. Það er augljóst að í þessu tilfalli rekast á hagsmunir embættisins og þessa fyrirtækis þar sem hættu er á að brunamálastjóri sem æðsti yfirmaður brunavarna í landinu beiti áhrifum sínum í hagnaðarskyni fyrir þetta fyrirtæki niðjanna.

Vilsýni — vitandi eða óafvitandi.

Hér hafa verið rakin nokkur dæmi um fámennisstjórn og hættur á hagsmunaárekstrum þar sem m.a. fara saman völd í stjórnmalaflokkum og fjármálastofnunum þjóðarinnar. Hættan á hagsmunaárekstrunum er auðvitað vegna þess að menn geta ruglast á hlutverkum þegar þeir hafa þau kannske tíu eða fimmtán á hendi.

Í upphafi var vikið að bókinni Stjórnarfarsrétti eftir Ólaf Jóhannesson. Þar fjallar Ólafur um ýmis tilvik í íslenskum lögum þar sem vikið er að vanhæfi einstakra stjórnvalda og veltir fyrir sér spurningunni hvort almenn ályktun verði dregin af þeim lagafyrirmælum um vanhæfistilvik. Orðrétt segir hann síðan, „að það virðist verða að meta það hverju sinni hvort afstaða stjórnvalda til ákvörðunar eða málsúrslita sé slík að hætta sé á því að það fái ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Ef stjórnvald á sérstakra eða persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi ákvörðun um eitthvert málefni, má að jafnaði gera ráð fyrir nokkurri vilsýni — vitandi eða óafvitandi — af þess hálfu.“

Í máli fræðimannsins koma fram þau tvö meginsjónarmið,

1. að það sé mikilsvert að almenningur geti treyst á réttssýni stjórnvalda, og
2. að gera megi ráð fyrir hættu á óhlutlægu mati ef stjórnvöld eigi sérstakra, persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi ákvarðanir.

Þessi krafa um traust og hlutlægni er algeng í stjórnarfari.

Breska lögreglan og frímúrarar.

Athyglisverðar eru umræður sem urðu í Bretlandi haustið 1984 um þátttöku lögreglumanna í leynifélögum og eiga rætur að rekja til ummæla lögreglumanna um áhrif frímúrara þar í landi á störf lögreglunnar. Í byrjun september 1984 var í fréttabréfi lögregluliðsins breska birt grein, sem skrifuð er af Albert Laugharne, en hann er einn af æðstu yfirmönnum Scotland Yard. Þessi grein er í nýrri útgáfu af handbók lögreglumanna um hegðun í starfi (Handbook for guidance for professional behaviour). Þar segir m.a.: „Sérhver framsýnn lögregluþjónn mun líklega telja það skynsamlegt að sleppa möguleikum á þeirri ánægju og félagslegu hagsbótum, sem frímúrarareglunni fylgir, en njóta í staðinn óskerts trausts þeirra sem umgangast hann.“ Síðar segir: „Af þessu leiðir, að það væri einnig skynsamlegt fyrir þann sem þegar er í reglunni að velja því fyrir sér öðru hvoru hvort hann ætti að halda þar áfram sem slíkur.“ Í handbókinni segir enn fremur, að þessar athugasemdir eigi ekki að skilja sem gagnrýni á frímúrararegluna sjálfa heldur vinni aðild lögreglunnar að reglunni gegn því að lögreglumenn séu álitnir óhlutdrægir.

Í frétt í breska blaðinu The Standard þann 5. september 1984 stendur m.a.:

„Í grein Mr. Laugharne er útskýrð afstaða Scotland Yard til frímúrarareglunnar og þar er varpað fram þeirri spurningu, hvort aðild að slíkri reglu geti farið saman við skyldur lögregluþjóns gagnvart lögreglunni og almenningi. Það er vitað að Sir Kenneth Newman yfirmaður Scotland Yard hefur mikinn áhuga á því að draga úr aðild lögreglumanna að sérhverjum samtökum, sem gætu leitt til þess að varpa skugga á ímynd lögreglunnar.“

Í leiðara þessa blaðs þennan dag stendur m.a.:

„Lögreglumaður getur auðvitað vel verið frímúrari og samtímis gætt þess að það hafi ekki áhrif á vinnu hans. En það er óumflýjanlegt að á því leiki alltaf viss vafi, t.d. ef lögreglumaður sem er frímúrari þarf að rannsaka mál manns, sem grunaður er um afbrot og er einnig félagi hans úr reglunni.“ Síðar í leiðaranum segir: „Óhlutdrægni lögreglunnar þarf að vera hafin yfir allan grun. Hvort sá grunur er á rökum reistur eða ekki skiptir því miður engu máli.“

Það vekur athygli í þessum dæmum, að höfuðáhersla er lögð á að lögreglumenn verði að koma stöðu sinni þannig fyrir, að ekki leiki vafi á um óhlutdrægni þeirra.

Að mati yfirmanna lögreglunnar og blaðamanna verður leyndin, sem yfir starfsemi írímúrarareglunnar hvílir, til þess að varpa vafa á starfsemi lögreglumannanna, en mjög algengt mun vera þar í landi að lögreglumenn eigi aðild að reglunni.

Í Kanada.

Í Kanada voru gefnar út reglur á árinu 1973 sem kalla mætti leiðbeiningar til opinberra starfsmanna varðandi hagsmunaárekstra. Þar eru lagðar fram almennar reglur, sem hljóða þannig í íslenskri þýðingu:

1. Það nægir engan veginn að maður í opinberri ábyrgðarstöðu starfi innan marka laganna. Honum er ekki aðeins skylt að fara að lögum, heldur ber honum að vinna af slíkri umhyggjusemi, að starf hans standist ítarlega opinbera rannsókn. Til þess að heiðarleiki og óhlutdrægni verði ekki dregin í efa skulu opinberir starfsmenn forðast að ánetjast nokkrum þeim manni, sem kynni að njóta góðs af góðvild eða greiðasemi þeirra eða reyna á nokkurn hátt að ná sérstakri hylli þeirra. Á sama hátt skal opinber starfsmaður ekki eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta, sem á nokkurn hátt kynnu að brjóta í bága við skyldustörf hans.
2. Engir árekstrar skulu vera eða virðast vera milli einkahagsmuna opinberra starfsmanna og skyldustarfa þeirra. Þegar opinberir starfsmenn eru skipaðir í stöðu, er til þess ætlast að þeir komi einkamálum sínum í það horf að loku sé fyrir það skotið, að hagsmunaárekstrar verði.
3. Opinberir starfsmenn skulu haga einkamálum sínum á þann veg, að þeir hvorki hagnist né virðist hagnast á upplýsingum, sem þeir öðlast í starfi, enda séu upplýsingarnar almennt ekki ætlaðar almenningi.
4. Opinberir starfsmenn skulu ekki koma sér í aðstöðu, þar sem þeir gætu hagnast beint eða óbeint á samningum ríkisstjórnarinnar, þegar áhrifa þeirra á ákvarðanatöku um samning getur gætt.
5. Ætlast er til þess að allir opinberir starfsmenn láti uppi við yfirmenn sína á þann hátt sem síðar verður ákveðið öll viðskipti og verslunar- og fjármál sín þegar unnt væri að túlka slíka hagsmuni á þann veg, að þeir brytu eða kynnu að brjóta í bága við skyldustörf þeirra.
6. Opinberir starfsmenn skulu ekki gegna embætti eða fást við störf, sem gætu lagt þeim á herðar kröfur sem ekki samræmdust skyldustörfum þeirra eða dregið í efa hæfni þeirra til að framkvæma þau sem skyldi.
7. Í starfi skulu opinberir starfsmenn ekki ívilna ættingjum sínum eða vinum né heldur stofnunum þar sem þeir — ættingjar þeirra eða vinir — eiga fjárhagslegra eða annarra hagsmuna að gæta.

Í þessum leiðbeiningum Kanadamannanna kemur greinilega fram krafa um að almenningur geti haft óskorað traust á embættisfærslu stjórnsýslunnar. Þetta birtist hvað eftir annað í þessum liðum hér að framan, þar sem tekið er fram að ekki sé nægjanlegt fyrir opinberan starfsmann að vinna innan ramma laganna, heldur skuli hann vinna þannig, að það sé aldrei á því nokkur vafi að hann vinni innan ramma laganna. Einnig er tekið fram í leiðbeiningunum að engir árekstrar megi vera eða megi *virðast* vera milli einkahagsmuna og opinberra hagsmuna þessara starfsmanna. Orðin *virðast vera* eru mikilvæg í þessu sambandi.

Kanadíska iðnaðar-, verslunar- og viðskiptaráðuneytið gaf í desember 1979 út reglur til starfsmanna sinna, sem eiga að girða fyrir hagsmunaárekstra. Það er of langt mál að rekja þessar reglur allar, en þær byggjast á þeim almennu leiðbeiningum sem ríkisráðið gaf út 1973 og taldar eru upp hér að framan. Þar er kveðið nánar á um þær kröfur sem hið opinbera gerir til starfsfólks síns, t.d. er þannig tekið til orða, að líta skuli á hagsmuni og eignir maka og nánustu ættingja starfsmannsins eins og um starfsmanninn sjálfan væri að ræða. Þar eru nákvæmar reglur um hvernig opinberir starfsmenn eigi að greina frá fjárhagslegum ástæðum sínum og tengslum og hvernig með þær skýrslur eigi að fara af yfirstjórnnum viðkomandi ráðuneyta eða stofnana. Einnig er lýst aðgerðum sem hugsanlega þurfi að beita til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í einstökum tilfellum, eins og að færa fólk til í störfum, að starfsfólk setji eigur sínar í ósnertanlega (frysta) sjóði, sem þeim óskyldir aðilar reki síðan.

Í apríl 1980 komu síðan út í Kanada leiðbeiningar sama eðlis fyrir ráðherra. Þær hefjast á þremur grundvallarreglum sem eru þessar:

1. Það er á ábyrgð einstaklingsins að koma í veg fyrir að hagsmunir rekist raunverulega á, virðist rekast á eða geti rekist á í framtíðinni.
2. Ráðherra verður að *rækja og virðast rækja* opinberar skyldur sínar og haga einkamálum sínum þannig að það varðveiti og efli trú og traust almennings á stjórnkerfinu og komi í veg fyrir hagsmunaárekstra.
3. Ráðherrar mega ekki *hagnýta sér eða virðast hagnýta sér* til eigin framdráttar opinbera stöðu sína eða upplýsingar, sem ekki eru aðgengilegar almenningi en þeir fá aðgang að vegna opinberra skyldustarfa sinna.

Síðan eru taldar upp aðstæður í líkingu við það sem talið var upp hér að framan og ráðherrum ráðlagt að koma sér ekki í þannig kringumstæður.

Á Íslandi.

Ef við víkjum talinu aftur að Íslandi er athygli vert að bera niður í lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í 28. gr. segir: „Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess, sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein sem hann vinnur við.“

Í 32. gr. er kveðið á um þagmælsku um atriði er starfsmaður fær vitneskju um í starfi.

Í 34. gr. er rætt um aukastörf opinberra starfsmanna. Þar segir, að starfsmaður skuli skýra stjórnvaldi því, er veitti honum stöðuna frá því, ef hann stofnar til atvinnurekstrar, hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis. Þar segir einnig, að rétt sé að banna starfsmanni slíka starfsemi ef það leiðir síðan í ljós, að hún megi ekki fara saman við starf hans í þjónustu ríkisins.

Í bókinni Stjórnarfrarsréttur eftir Ólaf Jóhannesson, sem vikið var að hér að framan, kemst höfundur svo að orði eftir að hafa fjallað nokkuð um vanhæfi til stjórnsýslustarfa: „Hér hafa að framan verið rakin lagaboð um vanhæfni til stjórnsýslustarfa. Þau eru óneitanlega heldur sundurleit og sýnist erfitt að draga af þeim einum út af fyrir sig nokkrar almennar reglur. Á það má þó benda að lagaákvæðin taka yfirleitt til stjórnvalda, sem fara með úrskurðarvald eða hafa á hendi einhvers konar matsstörf. Flest lagaboðanna fjalla um fjölskipuð stjórnvöld. Þau taka aðeins til tiltölulega fárra framkvæmdavaldsaðila. Þannig eru nær engin ákvæði um embættismenn og fasta sýslunarmenn ríkisins. Í löggjöfinni er t.d. engin fyrirmæli að finna um sérstakt vanhæfi ráðherra, stjórnarráðsstarfsmanna eða lögreglustjóra. Fara þeir embættismenn þó með úrskurðarvald sem vissulega er eins þýðingarmikið og margra þeirra aðila, sem framangreind lagaákvæði fjalla um.“